

Bakgrunnur og heimildir

Fylgiskjal með stofntilkynningu Hagsmunasamtaka Æskunnar, 9. júlí 2026

Hagsmunasamtök Æskunnar, kt. 600426-0600. Félag til almannaheilla, lög nr. 110/2021.

Um þetta skjal

Þetta skjal parar hverja tölulegu fullyrðingu og hvert fordæmi í stofntilkynningunni við frumheimild með dagsetningu og tengli, svo blaðamaður geti sannreynt hverja tölu.

Tölur um íslenska kerfið eru sóttar í opinberar frumheimildir: lög og þingskjöl Alþingis, gögn Stjórnarráðsins, Þjóðskrár, Hagstofu og Ríkisendurskoðunar. Erlendu fordæmin eru staðfest beint hjá viðkomandi aðilum.

Umfang kerfisins

Tölurnar á fyrstu síðu tilkynningarinnar, í röð.

Fullyrðing í tilkynningu	Heimild og tala	Frumheimild og tengill
„Á annan tug lykillaga gilda um málefni barna.“	nr. 19/2013 (Barnasáttmáli), 76/2003 (barnalög), 80/2002 (barnaverndarlög), 86/2021 (farsældarlög), 87/2021 (BOFS), 88/2021 (GEV), 90–92/2008 (leik-, grunn-, framhaldsskólar), 70/2007 (æskulýðslög), 83/1994 (umboðsmaður barna), 62/1994 (mannréttindasáttmáli Evrópu), 90/2018 (persónuvernd), 46/1980 (vinna barna), 130/1999 (ættleiðingar), 71/1997 (löggræði), 62/2006 (aðgengi barna að kvikmyndum/tölvuleikjum)	althingi.is/lagas (lagasafn Alþingis)
„Leit að orðinu barn í reglugerðasafninu skilar á þriðja hundrað reglugerðum til viðbótar.“	Leit að „barn“ í reglugerðasafni Íslands skilar 296 reglugerðum (skoðað 8. júlí 2026), það er á þriðja hundrað.	island.is/reglugerdir?q=barn
„Ellefu ráðuneyti, fimm þeirra fara með kjarnamál barna.“	Ellefu ráðuneyti í Stjórnarráðinu í júlí 2026, þar af fimm með kjarnaverkefni um börn: mennta- og barnamála-, félags- og húsnæðismála-, heilbrigðis-, dómsmála- og forsætisráðuneyti.	stjornarradid.is
„Að minnsta kosti níttján ríkisstofnanir og embætti sem koma beint að börnum.“	Níttján stofnanir og embætti, hvert með lagastoð: BOFS (nr. 87/2021), GEV (88/2021), umboðsmaður barna (83/1994), landlæknir (41/2007), Heilsugæslan, Landspítali og BUGL, Sjúkrahúsið á Akureyri, lögregluembætti, dómstólar, sýslumenn, MMS, Vinnueftirlit, Þjóðskrá, Útlendingastofnun, Ríkisendurskoðun, RGR, Vinnumálastofnun og Persónuvernd.	island.is og althingi.is/lagas
„Rúmlega sextíu sveitarfélög sem bera framkvæmdina að stórum hluta, í átta landshlutasamtökum.“	62 sveitarfélög 1. janúar 2026 samkvæmt Þjóðskrá (7. janúar 2026); eftir kosningar 16. maí 2026 eru sveitarstjórnir 61. Átta landshlutasamtök: SSH, SSV, FV, SSVN, SSNE, SSA, SASS og SSS.	skra.is ; samband.is
„Hátt í fimm hundruð skólar, tugir heilsugæslustöðva og sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta á borð við BUGL.“	Um 258 leikskóli (2025), um 187 grunnskólar og um 37 framhaldsskólar, samtals um 482. BUGL með 17 legurými. Sjá kort fyrir heilsugæslur	hagstofa.is ; landspitali.is , https://www.heilsuvera.is/kort/#?lng=-16.905899047851562&lat=65.64242054479305
„Sjö sjálfstæð embætti með eftirlit.“	Sjö aðskildir eftirlitsaðilar: GEV, embætti landlæknis, umboðsmaður barna, umboðsmaður Alþingis, Ríkisendurskoðun, Persónuvernd og MMS.	althingi.is/lagas (nr. 88/2021, 41/2007, 83/1994, 85/1997, 46/2016, 90/2018, 91/2023)

Úttekt Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun birti stjórnýsluúttekt á farsældarlögum **10. júní 2026**: „Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Innleiðing og framkvæmd“, með sex ábendingum.

Meginniðurstaðan er sú að „ekki eru fyrir hendi fullnægjandi forsendur til að ná meginmarkmiði farsældarlaganna um samþætta þjónustu án hindrana“, meðal annars vegna þess að hlutlægir árangursmælikvarðar og stafrænt kerfi um samþætta þjónustu eru ekki til staðar. - bls 6.

Skýrsla: rikisendurskodun.is/skyrslur/nanar?id=2081. Umfjöllun til samhengis: DV (10. júní 2026), Vísir (16. júní 2026).

Alþjóðleg fordæmi fyrir aðferðinni

Fullyrðingarnar á þriðju síðu um að aðferðin sé hvorki ný né óreynd.

Fordæmi	Hvað er staðfest	Frumheimild
GovTrack (Bandaríkin)	Hefur vakt að þingmál Bandaríkjaþings frá 2004; stofnað af Joshua Tauberer.	govtrack.us/about
TheyWorkForYou (Bretland)	Rekið af mySociety, hóf störf 2004; vaktar þingstörf í Bretlandi.	theyworkforyou.com
Obameter, PolitiFact (Bandaríkin)	Loforðamælir sem fylgdi 533 kosningaloforðum Baracks Obama og flokkaði stöðu hvers.	politifact.com/.../obameter
Polimeter / Polimètre (Kanada)	Þróað af CAPP við Université Laval; hefur vakt að efndir stjórnvalda frá 2013 og færir stöðu loforðs aðeins þegar gögn sanna efndir.	polimetre.org ; capp.ulaval.ca
ICIJ Offshore Leaks	Gagnagrunnur blaðamannasamtakanna ICIJ, byggður á Panama-skjölunum og fleiri lekum, tengir yfir 800 þúsund (nú um 810 þúsund) aflandsfélög í eitt leitarbært net.	offshoreleaks.icij.org

Stjórn og stofnendur

Upplýsingar um stjórn og stofnendur eru staðfestar af HÆ. Starfsheiti og félög sem hér eru nefnd fylgja stofntilkynningunni.

- Pétur Guðmundur Broddason, málstjóri farsældar hjá Reykjavíkurborg; stýrði áður meðferðarheimilinu að Laugalandi.
- Sigrún Sigurðardóttir, dósent við Háskólann á Akureyri; rannsakar áhrif ofbeldis í æsku.
- Guðmundur Fylkisson, lögreglumaður; hefur sérhæft sig í leit að týndum börnum. Valinn maður ársins 2025 ([RÚV](#), [Vísir](#)).
- Lilja Björk Guðrúnardóttir, félagsráðgjafi; leiðir meðferðarteymi Barnaverndarþjónustu Kópavogs.
- Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, framkvæmdastjóri Foreldrahúss; áður stjórnarformaður Vímulausrar æsku.
- Anton Stefánsson, varamaður; býr að reynslu foreldris af þjónustu ólíkra stofnana.

Barnasáttmálinn sem mælistika

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er mælistika HÆ. Hann var lögfestur með lögum nr. 19/2013 (gildistaka 13. mars 2013). Lög nr. 19/2013: althingi.is/lagas/nuna/2013019.html; texti sáttmálans: barnasattmali.is